

Ólafur Haukur Símonarson

Lög um skynsemi

Athygli manna hefur á allra síðustu árum í æ ríkari mæli beinst að nauðsyn þess að stemma stigu við lagasetningaræði alþingismanna vegna þeirrar geigvænlegu skriðu skriffinnsku og offorsjár sem hinir ótalmörgu lagabálkar hafa haft í för með sér. Svo ekki séu nefndar nema í framhjáhlaupi hinar ævintýralegu offjárfestingar þjóðfélagsins, sem bundnar eru í lög, og þarafleidd gjaldþrot.

Það kann að vísu að hljóma sem öfugmæli, en mörgum, og jafnvel flestum öðrum en þjóðkjörnum alþingismönnum, virðist tími til kominn að setja lög er kveða á um hámarksfjölda lagabálka og þingsályktunartillagna á einhverju ákveðnu viðmiðunartímabili, sem auðvitað yrði nánar skilgreint í viðkomandi lögum og meðfylgjandi reglugerð.

Til að ná því markmiði að fækka tilraunum til nýrrar lagasetningar, má auðvitað hugsa sér ýmsar leiðir. Ein er sú að setja ákveðinn kvóta á fjölda frumvarpa einstakra þingmanna, jafnframt því sem þingmönnum yrði fækkað. Sennilega er þetta öruggasta og ódýrasta leiðin til að draga úr nýrri lagasetningu. Önnur leið er sú að lög falli sjálfkrafa úr gildi eftir t.a.m. fimm ár, þannig að þingmenn geti unnið nokkuð samfleytt að því að setja sömu lögin aftur og aftur með smávægilegum breytingum. Enn ein leið er sú að gera þingmönnum skylt að höggva frumvörp sín til laga í stein. Þannig yrðu slegnar margar flugur í einu höggi: Lagadrögin yrðu áreiðanlega mun styttri og hnitmiðaðri en nú gerist, þau myndu varðveitast í varanlegu formi, og síðast en ekki síst yrðu þingmenn í mun betra líkamlegu ástandi eftir lagasetninguna vegna átakanna við frumefni laganna, íslenska grágrýtið.

Það er ótrúlegt, en satt, að íslenska þjóðin býr á sumum sviðum við mun flóknari lög en þjóðir sem telja jafnvel tugi eða hundruð miljón einstaklinga. Nægir að nefna lög um það, hvar, hvernig og hver má draga tappa úr rauðvínsflösku, en íslensk lög þar að lútandi eru t.a.m. mun flóknari og ítarlegri en þau frönsku, enda þótt það sé álit margra Íslendinga að franska þjóðin geri í raun lítið annað en draga tappa úr flöskum. Veitingamaður einn, kunningi minn, hefur fullyrt í mín eyru, að ef Frakkar ættu að starfa eftir íslenskum lögum um heilbrigðis-, hreinlætis- og öryggismál, þá yrði öllum veitingastöðum í París lokað samdægurs.

Íslenskir alþingismenn hafa einnig verið mjög vakandi fyrir því að setja ítarleg lög um ýmislegt sem alla jafna flokkast undir sjálfsögðustu skynsemisviðbrögð Homo sapiens. Nægir þar að nefna lög um notkun bílbelta og bílljósa, lög um það að sama aðila skuli ekki falið að rannsaka og dæma eitt og sama sakamálið, lög um snjómokstur, snjóruðning og snjóblástur á þjóðvegum og einkavegum í þéttbýli, strjálbýli og á heiðum, lög um réttindi og skyldur þeirra sem teikna, endurhanna, byggja, endurbyggja eða rífa hús í þéttbýli eða strjálbýli.

Nauðsynlegt hefur ennfremur þótt að setja nákvæma löggjöf um réttindi, skyldur og ábyrgð þeirra sem fara óvarlega með eld þannig að af hljótast miklir brunar, og í reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit er til dæmis tíundað að bannað sé að ástæðulausu að rífa eldvarnarveggi og að leggja logsuðutæki ofan í gúmmílím. Um vinnustaði hafa verið sett ítarleg lög sem stefna að því að koma í veg fyrir að fólk sagi af sér fingurna, eyðileggi í sér heyrnina með því að tregðast við að nota heyrnarhlífar eða hafi hægðir annarsstaðar en á þar til gerðum salernum.

Þingsályktunartillögur eru sérstakur kapítuli. Alþingismenn hafa verið einkar mikilvirkir hvað varðar ályktanir um svo að segja öll svið mannlegra athafna. Þó ég persónulega sé mikill aðdáandi náttúrubarnsins Árna Johnsen, þá fannst mér kasta tólfunum þegar átrúnaðargoð mitt fór fram á það að Alþingi ályktaði um nauðsyn þess að grafa jarðgöng úr Vestmannaeyjum í land. Afhverju ekki til Skotlands með viðkomu í Færeyjum? Til allrar hamingju grunar mig að Árni meini ekkert með þessari tillögu til þingsályktunar, hann sé bara að peppa upp sína eyjapeyja. Enda getur Árni séð það fyrir sér, ekki síður en ég, hverskonar ástand mundi ríkja í Eyjum ef Reykvíkingum yrði gert kleift að skreppa útí Eyjar í sunnudagsbíltúr. Þrjátíu þúsund Reykjavíkurbílar á rúntinum út á Skans, inn í Dal og niður að Friðarhöfn, Reykjavíkurpakkið sleikjandi ís og gónandi á vinnandi fólk einsog naut á nývirki!

Flókin, ill- og óframkvæmanleg, jafnvel óþörf eða skopleg lög grafa undan almennri löghlýðni. Ef lög eru þannig úr garði gerð verður að setja sífellt flóknari lög um löghlýðni. Samanber sérstök lög um virðurlög við brotum á skattalögum.

Eða erum við svona skelfing dómgreindarlaus og siðferðiskennd okkar á svo lágu stigi að það þurfi að hóta okkur tugthúsi til þess að við verndum börnin okkar í aftursætinu með því að setja á þau bílbeltin?



Asger Jorn: Án titils, olíumálverk frá 1951.

Líffræðilisfræði listarinnar

Cobra-list og fleira úr safni Riis á Kjarvalsstöðum

„Við skulum slá því föstu að fagurfræðin sé sjúkdómur í alheiminum, í náttúrunni og meðal manna. Ekki sem banvæn ellihrörnun, heldur fæðingarsjúkdómur, lífshætta og sjúkdómur til lífsins sem brýst fram í óstöðvandi þrá. Það má því aldrei uppræta hann, en hann þarf stöðugrar lækningar við alveg á sama hátt og við læknum okkur af þorsta og hungri. Það má kannski kalla hann barnasjúkdóm, sem gefur okkur ærsku jafn lengi og við erum haldin honum, því hann jafngildir voninni."

Þannig kemst danski málarinn Asger Jorn m.a. að orði í bók sinni Held og hasard, sem gefin var út af bókaforlagi hans, Skandinavisk Institut for Sammenlignende Vandalisme árið 1963. Bókin er skrifuð á meðan Jorn lá sjúkur á heilsuhælinu í Silkeborg á Jótlandi árið 1952. Hún gefur okkur góða mynd af því hugmyndalega andrúmslofti, sem COBRA-listin spratt úr. Jorn leit á listsköpunina sem nánast líffræðilisfræðilegt ferli, eins konar sjúkdómsástand sem jafnframt kallaði fram eigin lækningu. Bæld orka og tilfinning í mannslíkamanum og þjóðarlíkamanum orsakaði að mati Jorns sjúkdómsástand sem líkja mátti við taugaveiklun. Listamaðurinn kallar þessa taugaveiklun úr djúpinu upp á yfirborðið og yfirvinnur hana um leið.

Hugmyndaheimur Jorns var mótaður af existensíalisma eftirstríðsáranna, Sartre og þó einkum Kierkegaard, en einnig af sálfræðikenningum Freuds og þeirri sálkönnun sem hann hafði stundað og kynnst í gegnum súrrealismann.

Formleysumálverkið, sem svo er kallað, er sprottið úr þessum sama jarðvegi: existensíalisma eftirstríðsáranna. Það gekk ekki út frá sögulegri eða formrænni rökhyggju, heldur nánast líffræðilisfræðilegri þörf mannsins til þess að fá útrás fyrir bældar tilfinningar og hvatir. Jorn og félagar voru andhverfa hinnar klassísku listsýnar og hinnar sögulegu rökhyggju. Þeir leituðu staðfestingar á viðhorfum sínum í sögulausri alþýðulist, norrænni jafnt og afrískri. Í stað þess að byggja á rökhyggju sögunnar settu þeir sig í spor barnsins og litu á listsköpun sína út frá allt að því líffræðilisfræðilegri þörf. Þessi þörf var ekki bara persónuleg, heldur átti hún að skapa grunn að nýjum heimi á rústum þeirrar sögu og siðmenningar sem nasisminn hafði skilið eftir sig í Evrópu.

Þessi viðhorf voru eðlileg og kannski nauðsynleg viðbrögð við sögulegum aðstæðum eftirstríðsáranna. Þau fólu í sér mikilvæga endurnýjun í myndmáli samtímans sem síðan leiddi til endaloka abstrakt-expressíónismans.

Sýning sú sem Kjarvalsstaðir bjóða okkur upp á þessa dagana með úrvali úr einkasafni Inger og Andreas L. Riis eru eins og ánægjulegir endurfundir við gamla kunningja sem við höfum ekki séð lengi. Sýningin minnir okkur jafnframt á hversu mikilvægt það er að skoða myndlistina í sögulegu samhengi og út frá forsendum síns tíma. Og hún sýnir okkur líka hvað tíminn líður hratt: að myndir sjötta áratugarins skuli þegar vera eins og sögulegir minnisvarðar um löngu horfinn tíma. Auðvitað hefði mátt óska sér að þessi sýning væri á ýmsan hátt öðruvísi, og ekki eru öll verkin frá 6. áratugnum eða í anda formleysumálverksins. En ánægjulegt var að sjá málverk Svavars Guðnasonar í eigu Reykjavíkur í þessu samhengi. Þau sýna okkur hversu ótrúlega vel hann var með á nótunum þegar á stríðsárunum. Krafturinn í verkum hans frá 1942 sýnir þá sömu óþreyju og „taugaveiklun" sem Jorn talaði um í bók sinni 10 árum síðar. Svavar skipar þannig sögulegan sess, ekki bara í íslenskri myndlist, heldur einnig í evrópsku samhengi. Enginn annar íslenskur myndlistarmaður af hans kynslóð hefur sambærilega sögulega þýðingu.

Sýningin að Kjarvalsstöðum hlýtur að vera mikill fengur fyrir alla þá sem áhuga hafa á hinni fjölskrúðugu sögu vestrænnar myndlistar á 20. öldinni.

Ólafur Gíslason